

Fundargerð 515

Miðvikudaginn 26 október 2022 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á Hótel Laugarbakka í Húnaþingi vestra. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Jónína Björk Óskarsdóttir (JBÓ), Karl Björnsson (KB) (í Teams), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Óli Halldórsson (ÓH). Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárliði 4-6), Kristófer Már Maronsson (KMM) sérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárlið 2), Pétur Grétarsson (PG) sérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárliði 4-6), Ragnhildur Friðriksdóttir (RF) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 7), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaðu setti fund kl. 11:05 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð fundar 514 - til afgreiðslu
2. Kostnaður við niðurgreiðslu flugvélaeldsneytis - til kynningar
3. Uppfærðar verklagsreglur um störf stjórnar - til afgreiðslu
4. Endurskoðuð áhættustefna Byggðastofnunar - til afgreiðslu
5. Áhættuskýrsla Q3 - til kynningar
6. Kynning á hlutabréfasafni Byggðastofnunar - til kynningar
7. Kynning á starfsemi atvinnuþróunarfélaga - til kynningar
8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
9. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
10. Fyrirspurn til stjórnar vegna sölu fullnustueignar á Breiðdalsvík - til kynningar
11. Þóknun fyrir setu í hæfisnefnd - til afgreiðslu
12. Önnur mál
13. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerð fundar nr. 514 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð 514. fundar frá 23. september sl.

Formaður bar upp fundargerðina til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

2. Kostnaður við niðurgreiðslu flugvélaeldsneytis - til kynningar

KMM tengdist fundinum með Teams undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og KMM um áætlaðan kostnað við flutningsjöfnun flugvélaeldsneytis og skýrsla Jóns Þorvaldar Heiðarssonar, Jöfnun á flugsteinolíuverði á alþjóðaflugvöllum á Íslandi sem KMM kynnti.

Á síðasta stjórnarfundi fól stjórn forstjóra að gera tillögu að útreikningsaðferð vegna flutningsjöfnunar á flugvélaeldsneyti í samræmi við útreikningsaðferð annarrar flutningsjöfnunar olíuvara og taka saman áætlun um árlegan kostnað við umrædda flutningsjöfnun miðað við meðaltal sölu undanfarinna ár og líklega þróun í ár og komandi ára.

Lagt er til að forstjóri beri ofangreinda skýrslu og útreikninga á kostnaði jöfnunar aðstöðumunar undir menningar- og viðskiptaráðuneyti og/eða Flugþróunarsjóð með það að markmiði að jafna aðstöðumun flugvallanna.

Til máls tóku ÓH, HKH, MaH, JBÓ og MBJ.

Formaður bar ofangreinda tillögu upp og var hún samþykkt samhljóða.

KMM vék af fundi.

3. Uppfærðar verklagsreglur um störf stjórnar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns lögfræðisviðs, um breytingu á reglum um störf stjórnar sem snýst um aðgengi varamanna að fundargögnum stjórnarfundar, sem HÁ kynnti.

Ekki er í reglunum tekin afstaða til aðgengis varamanna að fundargögnum hvers fundar og ekki hefur tíðkast að senda út fundarboð á varamenn í hvert skipti heldur einungis aðalmenn í stjórn og þá varamenn sem sitja fundi í þeirra stað ef aðalmaður forfallast.

Spurningunni um aðgengi varamanna að fundargögnum var beint til innviðaráðuneytisins sem taldi gild rök fyrir því að takmarka það við þá varamenn sem fund sitja hverju sinni.

Með vísan til þessa er lagt til að breytingar þess efnis verði gerðar á 6. gr. reglna um störf stjórnar sem muni hljóða eftir breytinguna sem hér segir:

„Aðalmenn í stjórn, auk þeirra varamanna sem fund sitja vegna forfalla aðalmanns, skulu hafa aðgang að gögnum varðandi mál á stjórnarfundum með að jafnaði 4 daga fyrirvara. Gögn skulu gerð stjórnarmönnum aðgengileg með rafrænum hætti í fundargátt sem stjórnarmenn hafa aðgang að með lykilorði.“

Til máls tóku JBÓ, MBJ og ÓH.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu um breytingu á 6. gr. í starfsreglum stjórnar Byggðastofnunar og var hún samþykkt samhljóða. Reglur um störf stjórnar voru staðfestar í heild sinni með þessari breytingu.

4. Endurskoðuð áhættustefna Byggðastofnunar - til afgreiðslu

HP og PG komu inn á fundinn.

Á síðasta fundi stjórnar voru lögð fram drög að breytingum á áhættustefnu. Ekki hafa komið fram ábendingar um aðrar breytingar á milli funda. Fyrir fundinum liggur endanleg útgáfa áhættustefnu sem HP kynnti.

Til máls tóku AME og ÓH.

Formaður bar upp framlagða áhættustefnu og var hún samþykkt samhljóða.

5. Áhættuskýrsla Q3 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 3. ársfjórðungs sem HP kynnti. Samkvæmt skýrslunni eru allar áhættur innan þeirra marka sem sett eru í áhættustefnu.

HÁ upplýsti um stöðuna á hreinsun á jörðinni Mön. AME ræddi um vaxtamun sem hefur aukist eftir vaxtahækkunar Seðlabankans. Ákveðið var flýta umræðu um vaxtakjör sem er skv. starfsáætlun á dagskrá stjórnarfundar í desember fram á næsta fund. Ákveðið að fá nánari upplýsingar um rekstur ... á næsta fundi. Spurt var um nýlegan úrskurð innviðaráðuneytisins vegna flutningsjöfnunar sem HÁ og HP svöruðu.

Til máls tóku MaH, ÓH, GÞ, MH, MBJ, HÁ og AME.

6. Kynning á hlutabréfasafni Byggðastofnunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur kynning á hlutabréfasafni Byggðastofnunar sem PG kynnti og svaraði spurningum stjórnarmanna.

Formaður gerði matarhlé kl. 12:45 og frestaði fundi. Var fundi framhaldið kl. 13:15.

PG og HP viku af fundi.

Til máls tóku ÓH, AME, MBJ og GÞ.

7. Kynning á starfsemi atvinnuþróunarfélaga - til kynningar

RF tengdist fundinum með Teams undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur úttekt á starfsemi landshlutasamtaka innan samnings um atvinnu- og byggðaðpróun árið 2021 sem RF kynnti. Flest náðu félögin markmiðum sínum á árinu en álag á starfsfólk jókst töluvert á árinu vegna aukinnar ásóknar í atvinnuráðgjöf og aukinna verkefna starfsfólks innan atvinnu- og byggðaðpróunar. Vinna við endurnýjun samninga um atvinnu- og byggðaðpróun er yfirstandandi og munu nýir samningar gilda frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2027. Samningarnir verða með svipuðu sniði og fyrri samningur en þó með nokkrum áherslubreytingum. Lögð verður áhersla á sveigjanleika, beittari fókusi, skerpt á hlutverki samningsaðila og hvatt til samráðs og samstarfs.

Til máls tóku KB, ÓH, GÞ og SEP.

RF vék af fundi.

8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna samkvæmt starfsáætlun og rekstrar 30. september sem SEP fór yfir.

9. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 30/22-33/22 sem AME kynnti auk yfirlits yfir ákvarðanir lánanefndar.

Til máls tók GÞ.

10. Fyrirspurn til stjórnar vegna sölu fullnustueignar á Breiðdalsvík - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns lögfræðisviðs vegna fyrirspurnar sem stjórn barst um sölu á Sólvöllum 21 á Breiðdalsvík sem HÁ kynnti. Auk þess liggja fyrir fundinum kaupsamningur, yfirlit yfir rekstur og endurbætur á húsnæðinu og greinargerð kaupenda sem barst með tilboði þeirra.

Til máls tóku MBJ, KB og ÓH.

Stjórn telur sig hafa verið vel upplýsta um sölu á öllum stigum málsins og telur að vel hafi tekist til við enduruppbyggingu hússins og sölu þess. Telur stjórn að salan hafi farið fram skv. starfsreglum stofnunarinnar og gerir engar athugasemdir við hana.

11. Þóknun fyrir setu í hæfisnefnd - til afgreiðslu

KB og HKH viku af fundi undir þessum lið.

Fyrir fundinum liggur minnisblað stjórnarformanns og forstöðumanns rekstrarsviðs um þóknun til þeirra stjórnarmanna sem sátu í hæfisnefnd um ráðningu forstjóra Byggðastofnunar á vegum innanríkisráðherra sem MBJ og MH kynntu.

Lagt er til að Karli Björnssyni og Halldóru Kristínu Halldórsdóttur verði greidd sem nemur einum mánaðarlaunum stjórnarmanns í Byggðastofnun fyrir setu í hæfisnefnd um ráðningu forstjóra Byggðastofnunar

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða

12. Önnur mál

HKH kom aftur á fundinn.

Frá forstjóra

AME kynnti fund sem starfsfólk stofnunarinnar átti við fulltrúa EIF um nýtt kerfi í stað COSME ábyrgðakerfisins sem ber heitið Invest EU. Er vonast til að hægt verði að ganga til samninga við EIF á næsta ári.

Auglýst var eftir forstöðumanni fyrirtækjasviðs og bárust 18 umsóknir. Er verið að fara yfir þær og er von á niðurstöðu fljótlega.

AME upplýsti að Sigurjón Þórðarson hefði óskað eftir yfirliti um styrkþega um flutningsjöfnun og samning stofnunarinnar við EY um aðstoð við stjórnarmenn fyrir hæfismat sem hann hefði afhent honum.

Búið er að gera samning við Deloitte um aðstoð við stefnumótun fyrir stofnunina. Í kjölfarið verður stjórnendapjálfun fyrir stjórnendur. Verður stjórn upplýst um niðurstöðu stefnumótunarinnar og hefur hún tækifæri á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri áður en hún verður lögð fyrir stjórn til samþykktar.

...

13. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 24. nóvember í Dalabyggð.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 14:25

Magnús Helgason fundarritari.

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Jónína Björk Óskarsdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson